



Sveitarstjórn Tálknafjarðarhrepps - 589

## FUNDARBOÐ

**589. fundur Sveitarstjórnar Tálknafjarðarhrepps  
verður haldinn Strandgötu 38, þriðjudaginn 5. apríl 2022 og hefst kl.  
16:00.**

### Dagskrá:

#### Almenn erindi

**1. 2203333 - Mötuneyti Tálknafjarðarskóla**

Tillaga Fræðslu-, menningar-, íþrótt- og æskulýðsnefndar frá 47. fundi hennar sem fór fram 29.03.2022 þar sem lagt er til við sveitarstjórn að skipaður verður þriggja manna vinnuhópur sem fer yfir starfsemi mötuneytis í Tálknafjarðarskóla og leggur mat á það með hvaða hætti sé hægt að standa að þeirri þjónustu til framtíðar.

**2. 2203003F - Fræðslu-,menningar-,íþrótt-, æskulýðsnefnd - 47**

Fundargerð 47. fundar Fræðslu-, menningar-, íþrótt- og æskulýðsnefndar sem fór fram 29.03.2022.

- 2.1 2201049 - Skólastefna innleiðing
- 2.2 2203329 - Starfsáætlun Tálknafjarðarskóla 2022-2023
- 2.3 2203330 - Skólahjúkrun í Tálknafjarðarskóla
- 2.4 2203331 - Starfsmannamál Tálknafjarðarskóla 2022-2023
- 2.5 2203332 - Lengd viðvera í Tálknafjarðarskóla 2022-2023
- 2.6 2203333 - Mötuneyti Tálknafjarðarskóla
- 2.7 2203328 - Vinnuskóli 2022
- 2.8 2108095 - Upplýsingagjöf skólastjóra skólaárið 2021- 2022
- 2.9 2201063 - Mat á áhrifum ákvarðana sveitarfélaga á börn
- 2.10 2202194 - Samræmd könnunarpróf árið 2022.
- 2.11 2203240 - Fyrirlögn PISA 2022.
- 2.12 2203298 - Geta, ytra mat sveitarfélaga á skólastarfi.

#### Til kynningar

**3. 2204001 - Ásætuvarnir í Patreksfirði og Tálknafirði**

Erindi frá Skipulagsstofnun dags. 01.04.2022 þar sem vakin er athygli á ákvörðun stofnunarinnar frá 31.03.2022 varðandi matsskyldu vegna fyrirhugaðrar notkunar ásætuvarna í fiskeldi Arctic Fish í Patreksfirði og Tálknafirði. Niðurstaða Skipulagsstofnunar er að framkvæmdin skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.



**4. 2201004 - 67. Fjórðungsþing Vestfirðinga að vori**

Erindi frá Fjórðungssambandi Vestfirðinga dags. 18.03.2022 þar sem boðað er til 67. Fjórðungsþings Vestfirðinga að vori sem fer fram í Edinborgarhúsinu á Ísafirði 06.04.2022.

**5. 2203335 - Fiskeldissjóður 2022**

Á fundinum mun sveitarstjóri gera grein fyrir umsókn Tálknafjarðarhepps vegna úthlutunar úr Fiskeldssjóði 2022.

**6. 2203314 - Endurskipulagning sýslumannsembætta**

Erindi frá dómsmálaráðherra dags. 22.03.2022 þar sem greint er frá fyrirhugaðri endurskipulagningu sýslumannsembætta.

**7. 2203323 - Styrktarsjóður EBÍ 2022**

Erindi frá Eignarhaldsfélaginu Brunabótafélag Íslands dags. 24.03.2022 vegna styrktarsjóðs EBÍ 2022.

**8. 2202106 - Innleiðing barnaverndarlaga**

Erindi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga dags. 30.03.2022 þar sem vakin er athygli á bókun stjórnar sambandsins frá fundi sem fór fram 25.03.2022 varðandi gildistöku barnavendralaga.

**9. 2203304 - Vestfjarðavíkingurinn 2022 30 ára afmælimót**

Erindi frá Félagi kraftamanna dags. 15.03.2022 vegna Vestfjarðavíkingins 2022.

**10. 2203342 - Römpum upp Ísland**

Erindi frá Römpum upp Ísland sem barst 29.03.2022 þar sem vakin er athygli á verkefninu.

**11. 2203350 - Viðmiðunarreglur um framlög til stjórnámálflokka**

Erindi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga dags. 25.03.2022 varðandi viðmiðunarreglur um framlög til stjórnámálflokka.

**12. 2204003 - Aðalfundur Lánasjóðs sveitarfélaga 2022**

Fundarboð frá Lánasjóði sveitarfélaga ohf. þar sem boðað er til aðalfundar sjóðsins á Hótel Hilton í Reykjavík 01.04.2022.

**13. 2203317 - Landmælingar Íslands, ársskýrsla 2021**

Ársskýrsla Landmælinga Íslands árið 2021.

**14. 2201021 - Upplýsingagjöf sveitarstjóra 2022**



Á fundinum verður lagt fram minnisblað sveitarstjóra um stöðu verkefna.

## Fundargerðir til kynningar

### 15. 2111263 - Verkfundir vegna Strandgötu/Tálknafjarðarvegur

Fundargerðir verkfunda vegna framkvæmda við Strandgötu/Tálknafjarðarveg nr. 7 frá 17.03.2022 og nr. 8. frá 30.03.2022.

### 16. 2202171 - Byggðasamlag Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks

Fundargerðir frá fundum stjórnar Byggðasamlags Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks sem fóru fram 14.01.2022, 28.01.2022, 16.02.2022, 09.03.2022 og 30.03.2022.

### 17. 2202142 - Fundargerðir 2022 Samband íslenskra sveitarfélaga

Fundargerð 908. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga sem fór fram 25.03.2022.

03.04.2022

Ólafur Þór Ólafsson, Sveitarstjóri.